



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2008
Tilv. 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 325. mál

1. Yfirlit

Vísað er til bréfs efnahags- og skattanefndar frá 13. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallarinnar á frumvarpi til laga um tekjuskatt, 325. mál, breyting ýmissa laga. Í frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á tekjuskattslögum nr. 90/2003. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar varðandi skattlagningu söluhagnaðar félaga af hlutafé. Í frumvarpinu er lagt til að meðferð söluhagnaðar verði með sama móti og meðferð arðs er nú, þ.e.a.s., að upphæð samsvarandi söluhagnaði af hlutafé megi draga frá tekjum ákveðinna félaga sem stafa af atvinnurekstri. Er sá frádráttur ekki háður takmörkunum hvað varðar tímalengd eignarhalds, umfang eignarhalds eða hvort um er að ræða veltubókar- eða langtímafjárfestingu, alveg eins og á við um arðinn. Telja verður breytingarnar að þessu marki séu jákvæðar og til einföldunar.

2. Umsögn Kauphallarinnar

2.1 Skattlagning söluhagnaðar af hlutafé og hagnaðar af afleiðuviðskiptum

Í 4. mgr. athugasemda við 2. gr. frumvarpsins segir:

Hagnaður af afleiðuviðskiptum sem byggjast á hlutabréfum fellur ekki undir þetta ákvæði.

Ekki er vikið að afleiðuviðskiptum í frumvarpinu, hvorki í lagabreytingartillögum né skýringum. Skattyfirvöld hafa látið þá afstöðu í ljós að tekjur eða kostnaður af afleiðuviðskiptum séu flokkaðar sem vextir, sbr. úrskurðir yfirskaðanefndar nr. 385/2005, 298/2005, 342/2002 og 222/2002.

Af þessu leiðir, verði frumvarpið samþykkt óbreytt, að hagnaður af viðskiptum með afleiðusamninga kemur til með að skattleggjast eins og almennar rekstrartekjur hjá þeim aðilum sem frumvarpið tekur til. Verður því umrædd breyting þess valdandi að skilið er á milli afleiðuviðskipta með hlutafé og beinna viðskipta þannig að hagnaður af þeim fyrrnefndu verði skattlagður í 18% skatthlutfalli en hagnaður af þeim síðarnefndu verði ekki skattlagður. Telja verður að þessi mikli munur á skattlagningu geti valdið því að viðskipti

The Nordic Exchange

með hlutafé í gegnum afleiðusamninga verði mun óhagstæðari en önnur viðskipti með hlutafé að markaður með afleiðusamninga verði illa virkur. Þannig hefðu mismunandi reglur varðandi skattlagningu hefðu áhrif á ákvarðanir um hlutabréfaviðskipti og gætu þannig haft truflandi áhrif á markaði.

2.2 Athugasemd Kauphallarinnar

Á undanförunum misserum hefur löggjafinn lagt lagalegan grunn að viðskiptum á markaði með fjármálagerninga, þ.á.m. afleiðusamninga, á Íslandi í samræmi við þróun á alþjóðavettvangi, sbr. t.d. ályktun Alþingis frá 8. desember 2006 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn og lög nr. 108 frá 26. júní 2007 um verðbréfaviðskipti. Þannig er innleiðingu á MiFID tilskipuninni og nýjum lögum um verðbréfaviðskipti ætlað að gera íslenskan verðbréfamarkað bæði nútímalegan og skilvirkan. Í ljósi þessa hafa markaðsaðilar undirbúið markað fyrir viðskipti með afleiðusamninga þar sem að undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf.

Nái lagabreytingin óbreytt fram að ganga verður að ætla að hún valdi skekkju á markaði með hlutafé þannig að hagnaður af afleiðuviðskiptum með hlutafé verði skattlagður það mun meira að hætta sé á að slíkur afleiðumarkaður verði ekki virkur á Íslandi.

2.3 Tillaga Kauphallarinnar.

Í ljósi ofangreinds leggur Kauphöllin til að afleiðuviðskipti, þeirra aðila sem frumvarpið nær til, á markaði, þar sem að undirliggjandi verðmæti er hlutafé, verði skattlögð með sama hætti og bein viðskipti með hlutafé. Því verður náð með eftirfarandi breytingu á 2. gr. frumvarpsins þannig :

1. Við 1. gr. frumvarpsins bætast þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Á eftir orðinu “hlutabréfa” í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur innskotssetning, svohljóðandi: ”, og afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti er hlutafé auk afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum,”.

Á eftir orðinu “hlutabréf” í 1. mgr. 18. gr. laganna koma orðin “eða afleiðusamninga”.


Á eftir orðinu “hlutabréfa” í 1. ml. 2. mgr. 18. gr. laganna kemur innskotssetning, svohljóðandi: ”, og afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf auk afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum,”.

2. Á eftir orðunum “Þá fjárhæð sem nemur hagnaði af sölu hlutabréfa“ í b. lið 2. gr. frumvarpsins bætast orðin: og afleiðusamninga.



Tillagan miðar að því að viðskipti með afleiðusamninga, þar sem að undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf, verði skattlögð með sambærilegum hætti og bein viðskipti með hin undirliggjandi hlutabréf. Slík meðferð er í samræmi við efni viðskipta þegar skipt er með hlutafé, eða áhættu á hlutafjáreign, í gegnum afleiðusamninga. Nýleg lög á sviði verðbréfamarkaðar eiga að leggja grunn að virkum viðskiptum með afleiður og því nauðsynlegt að slík viðskipti séu ekki skattlögð meira en viðskipti með hlutabréf. Mismunandi meðferð mundi valda því að illmögulegt væri að koma á skilvirkum viðskiptum, t.d. á skipulegum verðbréfamarkaði því mismunandi reglur varðandi skattlagningu hefðu áhrif á ákvarðanir um hlutabréfaviðskipti og gætu þannig haft truflandi áhrif á markaði.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur